

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2020

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 726. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent BHM til umsagnar frumvarp til laga um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Frumvarpið er enn til skoðunar hjá bandalaginu, en málið er flókið og í mörg horn að líta. Efnisatriði eru ekki sett fram í mikilvægisröð.

Breyting á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009

BHM styður áform stjórnvalda um aðgerðir til að efla enn frekar nýsköpun og þróun. Bandalagið hefur lengi bent á mikilvægi opinbers stuðnings við nýsköpun í þeim tilgangi að fjölga efnahagslegum stoðum atvinnulífsins.

Breyting á lögum um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020:

BHM fagnar því að stjórnvöld ætli að framlengja tímabundnum greiðslum vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir. Ljóst er að launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum geta enn verið skylt að sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum yfirvalda og afar mikilvægt að einstaklingar sem í því lenda þurfi ekki að hafa áhyggjur af tekjum sínum.

Jafnframt fagnar BHM því að frestur til að sækja um greiðslur samkvæmt fyrrgreindum lögum er framlengdur til 31 desember 2020, enda enn ekki búið að opna fyrir umsóknir hjá VMST vegna mikils álags sökum heimsfaraldurs kórónuveiru.

BHM leggur mikla áherslu á að til sé einhver farvegur eða ferli þar sem einstök mál eru sérstaklega skoðuð þegar opnað verður fyrir umsóknir vegna launa í sóttkví. Þannig er hægt að tryggja að lögin ná til sem flestra og að hópar falla ekki milli skips og bryggju í aðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Virðingarfyllst,



Karen Ósk Pétursdóttir

Sérfræðingur BHM í kjara- og réttindamálum